

Mál nr. 410/2010

M og Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A

Maður datt í bleytu við miðasölu í kvikmyndahúsi þ. 6.11.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.12.2010 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 5.1.2011.

Málsatvik.

M varð fyrir slysi þegar hann var á leið í bíó. M segist hafa gengið rólega en þegar hann beygði á milli stanga hafi hann skyndilega runnið í bleytu á gólfinu og dottið og skolið með andlitið á eina stöngina og síðan í gólfið. Við fallið brotnuðu þrjár tennur og M skrámaðist á andliti. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi verið með mikla áverka í andliti. Forsvarsmaður A sýndi lögreglu vettvang og sagðist hafa verið þarna rétt hjá þegar hún sá M falla við í bleytunni og lenda með andlitið á stönginni sem stýri röðinni framan við miðasöluna og síðan í gólfið. Þá er haft eftir forsvarsmanni A að þetta væri vandamál sem væri ekki einsdæmi þar sem folk hefði oft fallið við vegna bleytunnar sem berist inn á sléttar steinflísarnar þegar snjór er úti. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og byggir á því að forráðamenn A hafi ekki gert allar þær ráðstafanir sem sanngjarnar megi telja, til að tryggja öryggi þeirra sem þangað eiga erindi. Þá heldur M því fram að ekki sé hægt að sjá bleytu á flísunum vegna gerðar þeirra, en þær eru svartar og mjög glansandi. Þá er vísað til þess af hálfu M að það hafi verið þekkt vandamál að fólk félli í bleytu þar sem M fell. Loks er á það bent af hálfu M að nú hafi A látið setja upp skilti til að vara við hálfu og bleytu í anddyri kvikmyndahússins. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að A hafi sýnt af sér saknæma eða ólögmeða háttsemi. Alkunna sé að blautar flísar geti orðið mjög hálar og í ljósi veðurfars fyrir utan kvikmyndahúsið hefði M matt vera það ljóst að bleyta gæti verið á gólfum inni í kvikmyndahúsinu. Þá bendir V á að þó að gerðar séu ríkar kröfur til fasteignareigenda þar sem þjónusta sé í boði þá verði einnig að gera kröfur til þeirra sem sækja slíka staði að sýna eðlilega aðgát og vera meðvitaðir um hugsanlega slyshættu og forðast þær. Þá vísar V til þess að hundruðir þúsunda manna fari um þennan inngang kvikmyndahússins árlega og slys M sé eina slysið þar sem afleiðingarnar hafi verið svona alvarlegar. Þá vísar V til þess að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við gólfefni af hálfu eftirlitsaðila. V telur því að fyrst og fremst hafi verið um óhappatilvik að ræða og/eða eigin óaðgæslu M sjálfs.

Álit.

Fram kemur í lögregluskýrslu og haft er eftir forsvarsmanni A að fólk hafi oft fallið þar sem M féll vegna bleytu. Forráðamönnum V var því ljós sú hætta sem var fyrir hendi og höfðu vitað um hana nokkra hríð áður en M slasaðist. Þrátt fyrir þessa vitneskju forráðamanna A voru ekki gerðar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja nægjanlega öryggi þeirra sem sóttu þjónustu til A. Forráðamenn A gerðu því sannanlega ekki þær ráðstafanir sem þeim bar að gera og sanngjarnt má telja að þeir

hafi gert til að tryggja öryggi viðskiptavina sinna og ber A ábyrgð á þeirri vanrækslu. Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi farið óvarlega í umrætt sinn eða að sök verði á hann lögð vegna þess atviks sem um ræðir. Með vísan til þess að forráðamenn A gerðu ekki nægjanlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi viðskiptavina sinna þrátt fyrir það að þeim var sú hætta ljós sem olli slysi M þá ber A ábyrgð á því að svo illa tókst til og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V

Reykjavík 25.1. 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.